



IX. árgangur

WINNIPEG. 1913.

2. blad.

## Heimir.

—:o:—

Með síðasta blaði byrjaði Heimir 9. árið. Það virðist langur tími, er vjer nú hórsum til baka, frá því haun var stofnaður. Það voru fair miklum esnum búinir og eru það eigi enn, þó hagur margra Únstara standi nú betur en þá. Og það voru örfair meun er fyrst settu blaðið á fót. Til þess lögðu þeir fram, sumir nokkra dali, og aðrir nokkra dali og allmikla vinnu að auk. Ekki var það gjört í gróðaskyni, heldur ef svo mætti verða, til styrktar trúarskoðum vorum og sjelagsmáluin vorum til eflingar.

Viðleitninni var ekki alstaðar vel tekið. Var ekki við því að búast f. a. flokkum þeim sem andstæðir eru skoðunum þeim, er blaðið ætlaði að flytja, — voru þeir því innjög andvsgir, — en vonbrigði voru það nokkurt, er þeir sem maður taldi samverka og samfjelagsmenn voru að litlu eða engu vingjarnlegri í blaðsins garð. Gjörðust sumir þeirra nauðugir, kaupendur blaðsins, og gleymdu skuld sínri við það, er þeir borguðu aðrar skuldir sínar, þótt þeim væri ekki með öllu ókunnugt um erviðleika útgefenda, og að þeir yrði að bera af eigin ramleik kostnaðinn við útgáfu blaðsins. Auðvitað var útgefendum skylt málid, en þó engu skyldara en öðrum sjelagsmönnum, vegna þess að ritið var einverðungu stofnað fyrir kyrkjufjelagið.